Ed. **887. Nefndarálit**

um frv. til l. um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Frumvarp þetta er flutt af menntamálanefnd neðri deildar snemma á þessu þingi og er liður í því skólakerfi, sem þegar hefur verið lögfest með lögum um „skólakerfi og fræðsluskyldu“, er nýlega voru samþykkt.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og vill mæla með því, að það verði samþykkt, enda má telja það í aðalatriðum staðfesting á þeim reglum, er menntaskólarnir starfa nú eftir. Nefndin hefur veitt því athygli, að í frumvarpið vantar ákvæði um ákveðna kennsluskyldu fastra kennara, hliðstæð þeim, sem gilda um kennsluskyldu við aðra opinbera skóla, og hefur nefndin til athugunar, hvort rétt mundi að bera fram slíka tillögu við þriðju umræðu.

Einn nefndarmanna (JJ) var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 16. apríl 1946.

Magnús Jónsson, form.	Eiríkur Einarsson, fundaskr.	Ásmundur Sigurðsson, frsm.
	H. Guðmundsson.	